

Föstudaginn 12. nóvember 1965.

Nr. 96/1961. **María Njarðvík** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
 gegn
Netjagerð Vestfjarða h/f og
Guðmundi Sveinssyni (Haukur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. maí 1961. Krefst hann þess, að hinum stefndu verði dæmt að greiða honum in solidum kr. 85.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1955 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu hafa verið lögð fram nokkur ný gögn í Hæstarétti.

Í sáttakæru í máli um sama efni, sem eiginmaður áfrýjanda, Pétur Njarðvík, höfðaði, en var síðar fellt niður, sundurliðaði hann kröfu sína þannig:

- „1) Allgóð og vel viðgerð herpinót, sem var
 í geymslu hjá mér, en eign Þorsteins J.
 Eyfirðings, lágt metin á kr. 40.000.00
- 2) 3 herpinætur, tilheyrandi mér sjálfum,
 uppgerðar en fornar, lágt metnar á kr.
 15.000.00 hver — 45.000.00
-
- Kr. 85.000.00“

Reisir áfrýjandi kröfur sínar í máli þessu á þessari sundurliðun.

Pétur Njarðvík, sem var netjagerðarmeistari á Ísafirði og nú er látinn, seldi stefnda Netjagerð Vestfjarða h/f með afsali 5. júní 1954 eignir sínar á Grænagarði á Ísa-firði. Meðal eignanna var geymsluhús og netjaþurrkhús.

Afsal þetta var gert á grundvelli kaupsamnings, dags. 29. apríl s. á. Samkvæmt ákvæðum hans skyldi Pétur hafa rýmt þessi hús að öllu leyti fyrir 15. júní s. á. Í húsunum voru meðal annars geymdar nætur og nótahlutar, sem voru eign Péturs og ýmissa annarra manna og fyrirtækja. Pétur hóf fyrri hluta júnímánaðar að flytja nætur og ýmsa hluti úr húsunum, en því verki var ekki lokið um miðjan mánuðinn, er hann fór frá Ísafirði í ferðalag, sem tók rúman mánuð. Er óumdeilt í málinu, að herpinætur þær, sem mál þetta fjallar um, eða hlutar þeirra, höfðu ekki verið fluttar, þegar Pétur fór í ferðalagið. Stefndi Guðmundur Sveinsson, sem var forstjóri meðstefnda, kveðst hafa talið, að Pétur hefði flutt allt það, sem hann hugðist hirða, og það, sem skilið var eftir, væri honum verðlaust. Í fjarveru Péturs lét Guðmundur starfsmenn sína skera niður nætur þessar. Voru teinar, kork og blý látn inn í hús, en mestur hluti riðilstykkjanna skilinn eftir úti eða gefinn ýmsum.

Stefndu hafa haldið því fram, að nót sú, sem var eign Þorsteins J. Eyfirðings, svonefnd Ármannsnót, hafi á þessum tíma verið yfir 20 ára gömul, 130 faðma löng og 23 faðma djúp. Nótin hafi „auðsjáanlega ekki verið hreyfð árum saman, garn og teinar var myglað og grautfúid“. Tvö vitni, starfsmenn hins stefnda hlutafélags, hafa borið, að nót þessi hafi verið með myglublettum, þegar hún var skorin niður. Af hálfu áfrýjanda er talið, að nót þessi geti ekki verið eldri en frá árinu 1948. Í fyrrgreindri sáttakæru lýsir Pétur henni svo: „Nót Þorsteins J. Eyfirðings var allgóð nót, fullviðgerð og gat notast að minnsta kosti í 2 ár með lítilli viðgerð, ef ekkert óhapp hefði komið fyrir“. Upplýsingar um ásigkomulag hinna þriggja nótanna eru enn minni. Telja stefndu, að um engar herpinætur hafi verið að ræða, „heldur slitur af netjum og teinum, korkmulningur og eitthvað af blýi“. Í greindri sáttakæru kveðst Pétur ekki hafa reiknað verð nótanna, „hærra en sem nemur lítilllega verðmæti korks, blýs og teina. En það af nótunum gengur lítið eða ekkert úr sér, nema á löngum tíma“.

Dómkvaddir voru matsmenn til þess að meta verðmæti nótanna fjögurra. Þeir reyndu án árangurs að afla sér gagna um aldur þeirra og teikninga af þeim. Matsgerð þeirra er dags. 20. júlí 1964, og segir þar m. a.: „Það eina, er við höfðum upp úr þessum eftirgrenslunum, var vottorð frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands um, að það hafði í brunatryggingu hjá sér nót, er tilheyrði l.v. Ármanni, geymda að Grænagarði, Ísafirði, á tímabilinu frá 11. ágúst 1951 til 11. ágúst 1952, tryggingarupphæð kr. 60.000.00. Vegna þess, sem fram er komið, teljum við okkur ekki fært að ákvarða verðmæti áðurgreindra sildarnóta, en verð á nýrri nót, álika að stærð og svokölluð Ármannsnót var, sem var ein af umræddum nótum, mun hafa verið kr. 70.000.00. Hinar þrjár næturnar eru enn minni upplýsingar um, svo við sjáum okkur ekki fært að gera neinn samanburð við þær.“

Nætur þær, sem mál þetta fjallar um, voru í vörzlu hins stefnda hlutafélags. Í stað þess að leita aðstoðar fógeta til þess að fá þær bornar út, lét stefndi Guðmundur skera þær niður og flytja undir bert loft og ráðstafaði auk þess því, sem ekki fór forgörðum, sem væri það hans eigin eign eða hlutafélagsins. Ekki var skorað á eiganda nótanna að fjarlægja þær, áður en stefndi Guðmundur hófst handa um niðurskurð þeirra og útburð. Þegar litið er á þetta ólög-mæta atferli stefndu, verður sönnunarbyrðin fyrir því, að áfrýjandi hafi beðið tjón, ekki lögð einvörðungu á hann. Þykir því rétt að leggja fébótaábyrgð á stefndu, en við ákvörðun tjónbóta verður að hafa í huga, að eiginmaður áfrýjanda, Pétur Njarðvík, hafði skuldbundið sig til að rýma húsin fyrir 15. júní 1954, en stóð hvorki við það né ræddi við stefndu um geymslu nótanna, áður en hann fór í mánaðarferðalag um miðjan þann mánuð, og aðhafðist ekkert til að firra frekara tjóni, þegar hann kom úr ferðalaginu og frétti um afdrif nótanna.

Ekki er vefengd aðild áfrýjanda að kröfu til bóta fyrir nót þá, sem var eign Þorsteins J. Eyfirðings. Við ákvörðun bótafjárhæðar þykir verða að miða við það, að næturnar

hafi verið lítt seljanlegar til notkunar við síldveiðar. Að öllu þessu athuguðu þykja bætur til áfrýjanda hæfilega ákveðnar kr. 35.000.00, sem stefndu ber að greiða in solidum ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1955 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma stefndu til að greiða in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Stefndu, Netjagerð Vestfjarða h/f og Guðmundur Sveinsson, greiði in solidum áfrýjanda, Maríu Njarðvík, kr. 35.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1955 til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 28. apríl 1961.

Ár 1961, föstudaginn 28. apríl, kl. 1330, var í bæjarþingi Ísafjarðar, sem haldið var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta ásamt meðdómsmönnum Guðmundi Guðmundssyni skipstjóra og Símon Helgasyni skipstjóra kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 20. marz s.l.

Mál þetta, sem þingfest var 17. október 1960, hefur María Lárusdóttir, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 8. október 1960, gegn stjórn Netjagerðar Vestfjarða h/f, Ísafirði, þeim Guðmundi Sveinssyni netjagerðarmeistara, Engjavegi 24, Ísafirði, Guðmundi Í. Guðmundssyni, Grænagarði, Ísafirði, og Sigurjóni Halldórssyni, Tungu, Skutulsfirði, og Guðmundi Sveinssyni netjagerðarmeistara, Engjavegi 24, Ísafirði, persónulega. Krefst stefnandi þess, að stefndu verði dæmdir til þess að greiða in solidum skaðabætur fyrir heimildarlausa ráðstöfun herpinóta eða nótahluta, að upphæð kr. 85.000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1955 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir reikningi. Enn fremur áskilur stefnandi sér rétt til þess að láta fara fram opinbera rannsókn út af meðferð stefndu á umræddum herpinótum og nótahlutum svo og til þess að lögsækja stefndu vegna herpinótar, er hann kveður stefndu hafa heimildarlaust afhent Andvara h/f í Súðavík.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara lækkunar á stefnukröfu og niðurfellingar málskostnaðar.

Sáttaumleitun var árangurslaust reynd.

Málavextir eru þeir, að með afsali 5. júní 1954 seldi Pétur Njarðvík netjagerðarmeistari á Ísafirði Netjagerð Vestfjarða h/f á Ísafirði eignir sínar á Grænagarði, Ísafirði, íbúðar-, geymslu- og netjaburkkunarhús. Afsal þetta var byggt á kaupsamningi frá 29. apríl 1954. Samkvæmt ákvæðum hans skyldi Pétur Njarðvík hafa rýmt húsin, svo að kaupendur gætu hafið þar störf 5. —7. maí 1954. Í kaupsamningnum skuldbatt Pétur Njarðvík sig til þess að hafa losað húsin, að fráteknunni íbúðarhúsinu, að fullu fyrir 15. júní 1954.

Pétur Njarðvík o. fl. áttu nætur og nótlhluta í húsum þessum, og vann Pétur að því að flytja úr húsunum fyrstu daga júnímánaðar. Pétur Njarðvík var á Ísafirði um viku eða hálfsmánaðarskeið, eftir að hann hætti flutningum úr húsinu. Nefndi hann það ekki við fyrirsvarsmenn Netjagerðar Vestfjarða h/f, að hann ætti þar nokkuð óhreyft eða óflutt úr húsunum. Um miðjan júní fór Pétur Njarðvík burt frá Ísafirði án þess að tala við kaupendur húsanna og var fjarverandi um mánaðartíma.

Þegar hann kom aftur til Ísafjarðar, kvaðst hann hafa frétt, að húsið væri að skera niður og selja eða gefa eða afhenda nætur og nótlhluta, sem hann hafi átt í húsunum, og enn fremur nætur annarra aðilja, sem þar hafi verið á sínum vegum. Hafi stefndi í máli þessu og þá einkum Guðmundur Sveinsson staðið að þessum aðförum. Pétur Njarðvík ræddi þetta ekki við stefndu eða grennsaðist nánar eftir því, hvað gerzt hafði, og hófst ekki að til þess að staðreyna atvik eða tryggja sér sannanir um þau eða það tjón, sem hann síðar taldi sig hafa orðið fyrir. Hann gerði heldur ekki, að því er vitað er, neinar tilraunir til þess að taka í sínar vörslur það, sem eftir kynni að vera óskemmt af hans nótum eða annarra. Samkvæmt skýrslu Péturs Njarðvíks frá 28. febrúar 1955 hefur hann yfir höfuð ekki átt orðastað við forstjóra Netjagerðar Vestfjarða h/f, Guðmund Sveinsson, eða að því er virðist við neinn þann, sem þarna átti hlut að máli, fyrr en á sáttafundum 11. janúar 1955, en þá krefst Pétur Njarðvík 85 þús. kr. skaðabóta fyrir nætur þær og nótlhluta, sem hann kvaðst hafa skilið eftir á Grænagarði og stefndu hafi misfarið með.

Þegar sættir tókust ekki, höfðaði Pétur Njarðvík mál á hendur

stefndu í máli þessu og gerði sömu dómkröfur og hér eru gerðar. Það mál var rekið sem bæjarþingsmál nr. 5/1955, dómtekið 27. maí 1957, endurupptekið til frekari gagnaöflunar 28. júní s. á. Síðan lá málið niðri um alllangt skeið vegna andláts Péturs Njarðvíks og veikinda lögmanns hans. Vegna þessa dráttar var málið tekið upp aftur með nýrri stefnu, og er það þetta mál, sem hér er um fjallað.

Kröfur stefnanda í þessu máli eru hinar sömu og í fyrra málinu. Kemur hér til álita að meta, hvern rétt Pétur Njarðvík átti og hvaða kröfur hann gat sannanlega gert.

Þegar á það er litið, að Pétur Njarðvík skuldbatt sig fyrirvaralaust með kaupsamningi 29. apríl 1954 og afsali 5. júní s. á. til þess að hafa að öllu leyti rýmt þau hús, sem um var að ræða, í síðasta lagi 10 dögum eftir að afsalið var gert, þá verður ekki öðru vísi á litið en að um samningsrof sé að ræða af hans hálfu, hafi hann sjálfur eða aðrir á hans vegum átt eitthvað í húsunum, sem þaðan var ekki flutt, eftir að eindagi samningsins var kominn og liðinn. Jafnvel þótt honum væri nauðsynleg brottför eða húsnæðisleysi væri fyrir hendi til geymslu þess, sem hann taldi sig eiga á Grænagarði, þá átti hann a.m.k. að ræða þetta við viðsemjendur sína, ella bíða sjálfur þann halla, sem af samningsrofunum kynni að leiða. Til þessa hafði Pétur Njarðvík nóg tækifæri, því að upplýst er, að hann dvaldi marga daga á Ísafirði, eftir að hann hætti flutningunum úr húsunum, án þess að hafast nokkuð að í þessu efni eða að ræða við kaupendur, þótt hann sæi þá að líkindum daglega, enda íbúðarhús hans í næsta nágrenni geymsluhúsanna. Var því ekki óeðlilegt, að stefndu teldu, að Pétur Njarðvík hefði flutt brott það, sem hann kærði sig um að taka úr húsunum. Við þetta bætist svo það, að þegar Pétur Njarðvík kom til Ísafjarðar aftur eftir mánaðar fjarveru og kvaðst hafa frétt, að eigur sínar og annarra eigur, sem honum bar að sögn hans að varðveita, hefðu verið seldar eða skemmdar og afhentar í óleyfi, þá gerir hann enga tilraun til þess, hvorki þá strax né síðar, að hirða það, sem eftir kynni að vera, né staðreyna, hvað hefði gerzt, og þá um leið að sjá, hvert tjón sitt hefði verið og tryggja sér sannanir fyrir því.

Hálfu ári síðar höfðar svo Pétur Njarðvík mál og gerir skaðabótakröfu, sem reyndar hefur ekki tekizt að sýna fram á, að væri nærri lagi, og yfirleitt ekki að sanna, hvert tjón hafi í raun og veru átt sér stað. Í þessu sambandi er rétt að taka fram, að þótt það mat eða skoðun, sem fram fór, um það bil 5 árum

eftir að atvik þau gerðust, sem leiddu til þessa máls, sé þýðingarlítið til þess að sanna verðmæti þess, sem hér er um deilt, þá var Pétur Njarðvík í lófa lagið að láta fara fram skoðun eða mat, sem gæti hafa haft þýðingu í þessu skyni, þar sem því mátti koma við, er Pétur Njarðvík kom aftur til Ísafjarðar, röskum mánuði eða svo eftir að atvikin gerðust. Enn fremur gat Pétur Njarðvík, ef hann vildi, manna bezt sagt til um, hvað hann taldi sig hafa skilið eftir í hinum seldu húsum, staðreynt, hvað horfið hefði, og hirt það, sem ósnert var.

Til þessa hafði hann næg tækifæri, en sinnti þeim ekki eða notfærði sér, svo kunnugt sé. Afleiðing þessa tómlætis er m. a. sú, að enda þótt skaðabótaskylda stefndu væri fyrir hendi, þá yrði ef til vill ekki gegn mótmælum þeirra um réttmæti stefnukröfunnar dæmt um hana, vegna þess hve óviss hún er, en sönnunarbyrðin um stefnukröfuna hvílir að sjálfsögðu á stefnanda.

Framkoma Péturs Njarðvíks, eins og henni hefur verið lýst hér að framan, verður varla túlkuð öðruvísi en svo, að hann hafi þá ekki hirt um það, sem eftir var í hinum seldu húsum, eða hvað um það yrði.

Kemur þá til álita, hvort hægt er að dæma skaðabætur í máli þessu og þá hve háar. Þar sem ekki verður hjá því komizt að líta svo á, að Pétur Njarðvík og þá um leið ekkja hans, stefnandi máls þessa, verði að taka afleiðingunum af samningsrofum hans, hirðuleysi og tómlæti og auk þess sannanaskorti um upphæð bótakröfu, þá beri að sýkna stefndu af skaðabótakröfum stefnanda, og verður sú niðurstaða máls þessa.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Dráttur sá, sem orðið hefur á dómsuppsögu, stafar af fjarveru dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, stjórn Netjagerðar Vestfjarða h/f, þeir Guðmundur Sveinsson, Guðmundur Í. Guðmundsson og Sigurjón Halldórsson, og Guðmundur Sveinsson persónulega, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Maríu Lárusdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.
